

Pingeyjarsveit
Atli Steinn Sveinbjörnsson
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 10. janúar 2024
UST202311-315/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Laxárstöð - Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Laxárstöð í Þingeyjarsveit. Í erindinu kemur fram áformað er að skilgreina núverandi starfsemi Laxárstöðvanna í Aðaldal og Mývatnssveit í deiliskipulagi Laxárstöðva. Deiliskipulagið gerir ekki ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu. Skilgreindar verða lóðir þar sem þær eru ekki til fyrir og núverandi byggingar og byggingarreitir skilgreindir á lóðunum. Sett verða ákvæði hvað varðar viðbyggingar við núverandi hús eða endurbyggingar húsa ásamt öðrum þeim ákvæðum sem ástæða verður til að skilgreina í deiliskipulagi.

Mývatn

Líkt og kemur fram í lýsingu er svæðið nú verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Því er mikilvægt að fjallað sé um verndarsvæðið í tillögunni og það komi fram hver áhrif tillögunnar verða á það.

Í 2. mgr. 3. gr. laganna og 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar segir: „Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.“

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um skipulagslýsinguna, en bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á skipulagsáætlunina í framangreindum skilningi. Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 3. gr. laga nr. 97/2004 og 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari

rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Pungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á að virkjanir geta haft áhrif á rennsli árinna og flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti, en slíkar breytingar geta valdið álagi á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins. Framkvæmdaraðili þarf að leggja mat á það hversu mikil áhrif framkvæmdin hefur á líffræðilega, eðilsfnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti vatnshlotsins og því hvort að áhrifin valdi því að ástand vatnshlotsins rýrni eða að það falli um ástandsflokk og þar af leiðandi að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Ef áhrifamatið leiðir í ljós að umhverfismarkmið nást ekki þarf að sækja um heimild til Umhverfisstofnunar um breytingu vatnshlots í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skilgreindir eru þeir gæðapættir sem skal nota við mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota og viðmiðunarmörk flestra þessara gæðapátta hafa verið skilgreindir fyrir straum- og stöðuvatna í skýrslunni: „*Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi*“¹. Gögn sem mun verða safnað á næstu árum verða jafnóðum sett inn í upplýsingakerfið og birtast þar í vefsíðunni (<https://vatnavefsja.vedur.is/>)

¹ https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2022/VI_2020_009_LR.pdf

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur